

## Skýrsla

### fjármála- og efnahagsráðherra um meginþætti í störfum fjármálastöðugleikaráðs 2018.

Skýrsla þessi er gerð samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð, þar sem segir að ráðið skuli að minnsta kosti árlega, gera Alþingi grein fyrir meginþáttum í störfum sínum. Fjármálastöðugleikaráð hélt fimm fundi á árinu 2018. Fundirnir voru haldnir 18. janúar, 20. mars, 26. júní, 5. október og 19. desember.

Á fundum ráðsins á árinu 2018 var fjallað um áhættur í fjármálakerfinu og hagkerfinu öllu. Spenna í þjóðarbúskapnum slaknaði og líkur á samdrætti í ferðaþjónustu jukust töluvert. Fjármálastöðugleikaráð fylgdist náið með áhættu tengdri innlendu millilandaflugfélögunum en greiningar sem lagðar voru fram á fundum ráðsins sl. haust sýndu að möguleg áföll í flugrekstri myndu ekki ógna fjármálastöðugleika. Þróun húsnæðisverðs var rædd á fundum ráðsins og fjallað um samspil ferðaþjónustu og fasteignaverðs hér á landi. Fasteignaverð hélt áfram að hækka á árinu 2018 þótt dregið hafi nokkuð úr hækkun verðs á íbúðarhúsnæði. Fjármálasveiflan hélt áfram í upptakti og vöxtur skulda var nokkuð yfir hagvexti. Í árslok var óvissa um áhrif kjarasamninga á efnahagslífið og framvinduna í ferðaþjónustu. Fjárhagsleg staða heimila og fyrirtækja á árinu 2018 var sterk: eignaverð hækkaði, kaupmáttur jókst og lítil vanskil voru í fjármálakerfinu. Viðnámsþróttur bankanna var talinn mikill á árinu vegna sterkrar eigin- og lausafjárstöðu. Fjármálastöðugleikaráð taldi getu þjóðarbúsins til að takast á við áföll vera góða, m.a. vegna góðrar ytri stöðu, mikils gjaldeyrisforða og lágrar skuldastöðu hins opinbera og einkaaðila.

Um þessar mundir stendur yfir endurnýjun stórgreiðslu- og jöfnunarkerfa, endurnýjun viðskiptakerfa bankanna sjálfra og endurnýjun viðskiptakerfis Seðlabankans. Verið er að skipta út grunninnviðum sem notaðir hafa verið í þágu íslenska fjármálakerfisins um áratugaskeið og er heildarfjárfestingin sú mesta á vettvangi upplýsingatækni fjármálakerfisins frá upphafi. Fjármálastöðugleikaráð ræddi þessa endurnýjun, hvernig hún hefur gengið fyrir sig og áhættu sem henni fylgir. Eftirlitsstofnanir fylgjast vel með innleiðingunni og eru í viðbragðsstöðu. Ráðið ræddi einnig netöryggi, áhættu sem felst í eftirliti með nýjum fjártæknilausnum og umbreytingar á smágreiðslumarkaði með nýjum smáforritum og nýjum leiðum í greiðslumiðlun.

Fjármálastöðugleikaráð samþykkti tvisvar sinnum á árinu 2018 að beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að hækka sveiflujöfnunarauka. Fyrri tilmælin voru samþykkt á fundi ráðsins 13. apríl og var því þá beint til Fjármálaeftirlitsins að hækka sveiflujöfnunarauka um 0,5 prósentur, úr 1,25% í 1,75%. Seinni tilmælin voru send eftir fund ráðsins 19. desember og var þá mælt til þess að sveiflujöfnunaraukinn yrði hækkaður um 0,25 prósentur, í 2,00%. Hækkunar þessar taka gildi að liðnum 12 mánuðum frá ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins þar um, fyrst 15. maí 2019 og svo 1. febrúar 2020. Á fundi sínum 8. október 2018 samþykkti fjármálastöðugleikaráð opinbera stefnu um sveiflujöfnunarauka, sem fjallar um meginlínur markmiða aukans, hvernig staðið skal að uppbyggingu hans og afléttingu.

Þá samþykkti ráðið tilmæli um óbreyttan eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, 2%, á fundi sínum 13. apríl. Á næsta fundi þar á eftir var samþykkt tillaga um að Íbúðalánasjóður teldist ekki lengur kerfislega mikilvægur eftirlitsskyldur aðili. Grundvallarbreytingar á starfsemi sjóðsins höfðu átt sér stað frá því hann var skilgreindur sem slíkur í janúar 2016 og umsvif hans á lánamarkaði höfðu dregist mjög saman. Á fundinum 13. apríl voru jafnframt samþykkt tilmæli um óbreyttan eiginfjárouka vegna kerfisáhættu, 3%. Sú breyting var gerð í tilmælunum að aðlögunartími innlánsstofnana, sem ekki teljast kerfislega mikilvægar, að þessum eiginfjárouka var lengdur. Þær þurfa nú að uppfylla 3% eiginfjárouka fyrir 1. janúar 2020 í stað 1. janúar 2019 áður, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 15. maí 2018.

Fjármálastöðugleikaráð fjallaði um framkvæmd álagningar eiginfjárouka og tillögu um breytingar á henni. Ákvæði um eiginfjárouka í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, hafa verið túlkuð þannig að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um álagningu teljist stjórnvaldsákvæðanir og hafa þær fylgt því ferli sem um slíkar ákvarðanir gildir. Fjármálastöðugleikaráð tók undir að það færi betur á að Fjármálaeftirlitið fengi heimild til reglusetningar vegna eiginfjárouka. Þar með yrðu ákvarðanir um eiginfjárouka almenn stjórnvaldsfyrirmæli, en ekki stjórnvaldsákvæðun. Þetta var haft til hliðsjónar við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 161/2002 í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

Viðaukar:

Fundargerð fundar fjármálastöðugleikaráðs 18. janúar 2018

Fundargerð fundar fjármálastöðugleikaráðs 20. mars 2018

Fundargerð fundar fjármálastöðugleikaráðs 26. júní 2018

Fundargerð fundar fjármálastöðugleikaráðs 5. október 2018

Fundargerð fundar fjármálastöðugleikaráðs 19. desember 2018



## FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 18. janúar 2018

### **Efni: Fundargerð Fjármálastöðugleikaráðs**

Fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ráðsmenn: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður og Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.

Aðrir fundarmenn: Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Eggert Þröstur Þórarinnsson, forstjóri Seðlabanka Íslands, Einar Jón Erlingsson, forstjóri Seðlabanka Íslands, Páll Ásgeir Guðmundsson, aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra og Tinna Finnboadóttir, ritari fjármálastöðugleikaráðs.

Fundur hefst 15:18

#### **1. Kynning formanns kerfisáhættunefndar á helstu þáttum greinargerðar hennar**

Áhætta í fjármálakerfinu telst fremur lítil en alþjóðleg áhætta hefur aukist. Stærsti áhættuþátturinn, sem þó er ólíklegt að raungerist í bráð, er hátt raunverð á fasteignamarkaðnum. Líkur á ofhitnun í hagkerfinu hafa minnkað frá því sem talið var í sumar. Á alþjóðlegum mörkuðum hefur flókt verið í lágmarki á sama tíma og eignaverð er í hámarki og mögulegt er að aðstæður geti breyst skyndilega. Sú áhætta myndi birtast hér m.a. í dýrari erlendri fjármögnun bankanna. Almennt má þó segja að viðnámsþróttur bankanna sé mikill, eiginfjárstaðan góð, lausafjárstaðan sterk og þeir geta staðist mjög mikið álag samkvæmt álagsþrófum. Gangi áform um arðgreiðslur úr bönkunum eftir munu þau, að öðru óbreyttu, draga úr viðnámsþrótti þeirra og því þurfa eftirlitsaðilar að fylgjast vel með þeim.

Formaður kerfisáhættunefndar lagði fram stutta kynningu um nokkur meginatriði úr niðurstöðum áhættumatshóps um fjármálainnviði sem kynntar voru á fundi nefndarinnar í desember sl. Þessi atriði voru endurnýjun fjármálainnviða, uppgjörsfyrirkomulag debetkorta og mótaðilaáhætta færsluhirða. Um þessar mundir á sér stað endurnýjun stórgreiðslu- og jöfnunarkerfa, endurnýjun viðskiptakerfa bankanna sjálfra og endurnýjun viðskiptakerfis Seðlabankans. Þessum breytingum fylgir töluvert álag og möguleg smitáhrif. Þá raungerðist stór mótaðilaáhætta hjá færsluhirði á síðasta ári.

#### **2. Opinber stefna fjármálastöðugleikaráðs um sveiflujöfnunarauka og álagning kerfisáhættuauka snemma á næsta ári**

Drög að opinberri stefnu fjármálastöðugleikaráðs um sveiflujöfnunarauka, sem unnin voru í kerfisáhættunefnd, voru lögð fram. Jafnframt var rétt um atriði sem hafa þarf til hliðsjónar við endurskoðun kerfisáhættuauka fyrir næsta fund fjármálastöðugleikaráðs. Nokkur umræða hefur verið á vettvangi evrópska kerfisáhætturáðsins um eiginfjárukana, samspil þeirra á milli og reynslu af beitingu þeirra.



FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

3. Önnur mál

- a. Stuttlega fjallað um samstarfshóp Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á sviði fjármálastöðugleika. Til stendur að skipuleggja sameiginlega áfallsæfingu hópsins í samræmi við viljayfirlýsingu hans en slík æfing var síðast haldin árið 2007.
- b. Rætt um málefni Arion banka.
- c. Fréttatilkynning samþykkt.

Fundi slitið 16:22.

---

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður fjármálastöðugleikaráðs



## FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 20. mars 2018

### Efni: Fundargerð Fjármálastöðugleikaráðs

Fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ráðsmenn: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður og Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.

Aðrir fundarmenn: Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, Einar Jón Erlingsson, forstöðumaður þjóðhagsvarúðar hjá Fjármálaeftirlitinu og Tinna Finnbogadóttir, ritari fjármálastöðugleikaráðs.

Fundur hefst 15:10

### 1. Kynning formanns kerfisáhættunefndar á helstu þáttum greinargerðar hennar

Áhættan í fjármálakerfinu er að aukast, sem sést m.a. í því að útlánavöxtur er orðinn meiri en vöxtur landsframleiðslunnar. Viðnámsþróttur viðskiptabankanna er góður, þó hann hafi minnkað, m.a. vegna arðgreiðslna. Dregið hefur úr spennu á markaði með íbúðarhúsnæði en mikilvægt er að fylgjast vel með þeirri hættu sem stafað getur af hækkun verðs á atvinnuhúsnæði, en hún hefur verið töluverð síðastliðin misseri. Endurnýjun á viðskiptakerfum og öðrum innviðum bankanna sem og endurnýjun stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis Seðlabankans felur í sér tímabundna rekstraráhættu sem eftirlitsstofnanir og eftirlitsskyldir aðilar hafa fylgst náið með.

### 2. Heimild til reglusetningar vegna eiginfjárauka

Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að orðalagi í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem varðar álagningu eiginfjárauka verði breytt. Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um álagningu eiginfjárauka hafa verið skilgreindar sem stjórnvaldsákvarðanir og fylgt því ferli sem um þær gildir. Fjármálastöðugleikaráð tekur undir að það færi betur á að Fjármálaeftirlitið fengi heimild til reglusetningar vegna eiginfjárauka. Þar með yrðu ákvarðanir um eiginfjárauka almenn stjórnvaldsfyrirmæli, en ekki stjórnvaldsákvörðun. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun hafa þetta til hliðsjónar við næstu endurskoðun laga nr. 161/2002 sem stendur til á haustþingi 2018.

### 3. Álagning eiginfjárauka

i. Eiginfjárauki á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Samþykkt tillaga um að halda eiginfjáraukanum óbreyttum í 2%.

ii. Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu

Samþykkt tillaga um að halda eiginfjáraukanum óbreyttum í 3% en lengja aðlögunartíma annara fjármálafyrirtækja, sem hafa heimild til móttöku innlána, en kerfislega mikilvægri fjármálafyrirtækja að auknum. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 þurftu slík fyrirtæki að vera með eiginfjárauka sem nam 3% frá 1. janúar 2019, en samþykkt var að lengja þann tíma til 1. janúar 2020.



FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Fundi slitið kl. 16:20 20. mars 2018 og framhaldið kl. 13:10 föstudaginn 13. apríl 2018.

#### 4. Álagning eiginfjárauka frh.

##### Sveiflujöfnunarauki

Samþykkt tillaga um að senda tilmæli til Fjármálaeftirlitsins um að hækka sveiflujöfnunarauka um 0,5 prósentur í 1,75%. Hækkunin tekur gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þar um.

#### 5. Önnur mál

i. Drög að svarbréfi til Sambands íslenskra sparisjóða, vegna erindis þess frá 3. október 2017 um álagningu eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, samþykkt.

ii. Fréttatilkynning samþykkt.

Fundi slitið 13:50 13. apríl 2018.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður fjármálastöðugleikaráðs



## FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 26. júní 2018

### **Efni: Fundargerð Fjármálastöðugleikaráðs**

Fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ráðsmenn: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður, Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, og Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Aðrir fundarmenn: Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, Einar Jón Erlingsson, forstöðumaður þjóðhagsvarúðar hjá Fjármálaeftirlitinu og Tinna Finnbogadóttir, ritari fjármálastöðugleikaráðs.

Fundur hefst 14:06

### **1. Kynning formanns kerfisáhættunefndar á helstu þáttum greinargerðar hennar**

Fram kom að spennan í hagkerfinu væri að slakna og margt sem stýddi mjúka lendingu. Þó væru vísbendingar um að spennan í fjármálakerfinu sem slíku væri að aukast, t.a.m. jákvæður vöxtur skulda einkageirans. Fasteignaverð hefði verið hátt og hætta væri á að heimili skuldsettu sig um of á grundvelli þessa háa verðs. Formaðurinn lýsti samspieli sem hefur verið milli íbúðamarkaðarins og ferðaþjónustunnar þar sem fasteignaverð hefur hækkað að hluta til vegna mikillar eftirspurnar eftir gistingu í heimahúsum. Viðnámsþróttur bankanna væri talsverður. Eiginfjárhlutföllin hefðu lækkað en væru þó enn yfir lágmarkskröfum. Greint var frá því að á fundi kerfisáhættunefndar hefði verið farið yfir áfallspróf á bankana sem Seðlabankinn væri að vinna að og myndi birtast í haust. Þá var lauslega gerð grein fyrir umfjöllun fundar kerfisáhættunefndar um netógn og rekstrarumhverfi en nú standa yfir og eru fram undan krefjandi breytingar á innviðum og kerfum.

### **2. Tillaga um að Íbúðalánasjóður teljist ekki lengur kerfislega mikilvægur eftirlitsskyldur aðili**

Farið yfir greiningar á kerfislegu mikilvægi Íbúðalánasjóðs þar sem grundvallarbreytingar hafa átt sér stað á starfsemi sjóðsins frá því hann var skilgreindur sem kerfislega mikilvægur og umsvif hans á lánamarkaði hafa dregist mjög saman. Fjármálastöðugleikaráð samþykkti tillögu um að Íbúðalánasjóður yrði ekki lengur skilgreindur sem kerfislega mikilvægur eftirlitsskyldur aðili.

### **3. Ársfjórðungsleg endurskoðun sveiflujöfnunarauka**

Samþykkt tillaga kerfisáhættunefndar um að halda sveiflujöfnunarauka óbreyttum í 1,75% og að beina tilmælum þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.



FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

#### 4. Önnur mál

Fréttatilkynning samþykkt.

Fundi slitið 15:00.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður fjármálastöðugleikaráðs





## FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 5. október 2018

### Efni: Fundargerð Fjármálastöðugleikaráðs

Fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ráðsmenn: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður, Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, og Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Aðrir fundarmenn: Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og Tinna Finnbogadóttir, ritari fjármálastöðugleikaráðs.

Fundur hefst 15:00

#### 1. Kynning formanns kerfisáhættunefndar á helstu þáttum greinargerðar hennar

Áhætta í fjármálakerfinu nú stafar einkum af háu fasteignaverði, örum vexti ferðaþjónustu undanfarin ár og samspili þessara og fleiri þátta. Útlit er fyrir að viðsnúningur sé að eiga sér stað í þjóðarbúskapnum og blikur á lofti í ferðaþjónustu en útlán bankakerfisins til ferðaþjónustu eru enn að aukast. Helstu erlendu áhættuþættir eru óróleiki á erlendum mörkuðum og hækkun á áhættuálagi. Viðnámsþróttur bankanna og þjóðarbúsins er þó mikill um þessar mundir.

#### 2. Staða flugfélaganna og fjármálastöðugleiki

Farið var yfir samantekt um og greiningu á stöðu flugfélaganna sem lögð var fyrir fund kerfisáhættunefndar 24. september sl. Greiningar sem fyrir fundinn voru lagðar sýna að möguleg áföll í flugrekstri myndu ekki ógna fjármálastöðugleika.

#### 3. Ársfjórðungsleg ákvörðun um sveiflujöfnunarauka

Samþykkt tilmæli til Fjármálaeftirlitsins um óbreyttan sveiflujöfnunarauka í 1,75%.

#### 4. Stefna fjármálastöðugleikaráðs um beitingu sveiflujöfnunarauka

Samþykkt stefna fjármálastöðugleikaráðs um beitingu sveiflujöfnunarauka.

#### 5. Önnur mál

Fréttatilkynning samþykkt.

Fundi slitið 16:20.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður fjármálastöðugleikaráðs



## FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 19. desember 2018

### Efni: Fundargerð Fjármálastöðugleikaráðs

Fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ráðsmenn: Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður, Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, og Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Aðrir fundarmenn: Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands, Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, Guðmundur Kr. Tómasson, framkvæmdastjóri fjármálainnviða Seðlabanka Íslands og Tinna Finnbogadóttir, ritari fjármálastöðugleikaráðs.

Fundur hefst 11:00

### 1. Kynning formanns kerfisáhættunefndar á helstu þáttum greinargerðar hennar

Fjallað um áhættu í fjármálakerfinu sem enn er talin tiltölulega hófleg og hefur lítið breyst frá síðasta fundi ráðsins. Lykiláhættuþættir nú eru þeir sömu og verið hefur, þ.e. hátt fasteignaverð, ör vöxtur ferðaþjónustu og samspil þessara þátta. Vöxtur skulda einkageirans er nú hraðari en nafnvöxtur landsframleiðslu. Óvissa er framundan vegna kjarasamninga og framvindu í ferðaþjónustu en áfram dregur úr spennu í þjóðarbúskapnum. Bankarnir hafa sótt fjármögnun á erlenda markaði en nú upp á síðkastið hefur áhættuálag þeirra þar hækkað. Þeir eru þó með rúma lausafjárstöðu í erlendri mynt. Viðnámsþróttur bankanna og þjóðarbúsins er mikill um þessar mundir.

### 2. Netöryggi og fjármálainnviðir

i. Endurnýjun grunninnviða. Farið yfir stöðu endurnýjunar grunninnviða bankanna – verkefni sem áætlað er að taki um 3 ár og er nú hálfnað. Almennt hefur endurnýjunin gengið vel en hún felur í sér nokkra áhættu meðan hún stendur yfir.

ii. Umbreytingar á smágreiðslumarkaði. Rætt um ný smáforrit og nýjar leiðir í greiðslumiðlun, t.a.m. þær sem búast má við að ryðji sér til rúms í kjölfar innleiðingar nýrrar tilskipunar um greiðslumiðlun (PSD2) sem er á döfni.

iii. Fjártækni og netöryggismál. Gerð grein fyrir helstu áhættum sem felast í eftirliti með nýjum fjártæknilausnum og stöðu netöryggismála í fjármálakerfinu.

### 3. Ársfjórðungsleg ákvörðun um sveiflujöfnunarauka

Samþykkt tilmæli til Fjármálaeftirlitsins um að hækka sveiflujöfnunarauka um 0,25 prósentur, úr 1,75% í 2,00%. Hækkunin tekur gildi 12 mánuðum frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að leggja aukann á.



FJÁRMÁLASTÖDUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

#### 4. Önnur mál

- i. Fundardagsetningar ársins 2019 samþykktar: 1. apríl, 21. júní, 24. september og 17. desember.
- ii. Fréttatilkynning samþykkt.

Fundi slitið 12:10.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður fjármálastöðugleikaráðs

